

Fagráð um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Hildur Arna Gunnarsdóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur (Teams)
<i>Fundarstjóri:</i>	Vigdís Tryggvadóttir	<i>Dagsetning:</i>	24. september 2025
<i>Fundarritari:</i>	Hildur Arna Gunnarsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 15:00

Þátttakendur: Vigdís Tryggvadóttir (staðgengill yfirdýralæknis, varamaður formanns fagráðs), Katrín Andrésdóttir (Dýralæknir og fyrrum fagráðsfulltrúi), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Emma Björg Eyjólfsdóttir (f.h. Siðfræðistofnun HÍ),
Starfsmaður MAST: Hildur Arna Gunnarsdóttir (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

Dagskrá

- Ályktun um smölun og réttir:** Drög að ályktun rædd og verður fullunnin á næsta fagráðsfundi. Markmið að fá af stað samtal og samvinnu.
- Lausaganga búfjár og umferð** – Ályktun lögð fram og rædd. Verður fullunnin á næsta fagráðsfundi. Katrín vikur af fundi hér.

3. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

a. Titill umsóknar: „Verkleg kennsla í lífeðlisfræði við HÍ“

Tilgangur: Sótt er um leyfi vegna verklegrar kennslu (Himnuspenna, boðefni og viðtakar) þar sem leg úr tilraunadýrum (mýs) eru notuð. Lífeðlisfræði er tilraunafag þar sem dýratilraunir koma mjög við sögu. Þá fá nemendur lágmarkskynningu á aðferðum við in vitro rannsóknir. Bakgrunnur rannsóknar nemendur til skilningar á því flókna viðfangsefni sem himnuspenna frumna og áhrifa boðefna er.

Fyrir fundinn lá mat Hildar Örne Gunnarsdóttir sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir neikvæða umsögn. Umsókn hafnað.

- Yfirferð á vinnureglum Fagráðs um velferð dýra** – Unnið af nefndaraðilum milli funda og tekið fyrir á næsta fundi.
- Afréttarheit sauðfjár með tilliti til velferðar dýra og ábyrgðar umsjónarmanna/eiganda.** Fagráðið bíður eftir gögnum um afföll sauðfjár frá RML á afrétt og úthögum. Borist hafa gögn frá Bændasamtökunum um ábyrgð og tímasetningu sleppinga á afrétt og smölun utan hefðbundins tíma. Tekið upp aftur þegar öll gögn liggja fyrir.
- Afdrif hreindýrakálfa** – Farið yfir stöðu mála. Unnið milli fagráðsfunda.
- Áverkar á keppnishrossum** – Velferð keppnishrossa, fagráð vill hvetja til vitundarvakningar og fræðslu. Samantekt unnin milli funda.
- Opið bréf til Fagráðs um velferð dýra frá EURO GROUP FOR ANIMALS um blóðmerahald** – Erindi kynnt fagráðinu og verður til umræðu á næsta fundi fagráðs.

1. Drög að dagskrá næsta fundar.

- Ályktun um smölun og réttir – Klára ályktun og senda í ferli.

- b. Lausaganga búfjár og umferð – Klára ályktun og senda í ferli.
- c. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna
- d. Yfirferð á vinnureglum Fagraðs um velferð dýra
- e. Afréttarheit sauðfjár með tilliti til velferðar dýra og ábyrgðar umsjónarmanna/eiganda – Svör frá hagaðilum
- f. Opið bréf frá EURO GROUP um blóðmerahald
- g. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:06. Næsti fundur Fagraðs um velferð dýra verður 22. Október kl. 8:30-10:30.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.